

## Sameining háskóla

Borgfirðingar vöknúðu upp við vandan draum í síðastliðinni viku þegar tilkynning kom í fjölmiðlum um að það merka skólastarf sem haldið hefur verið uppi á Bifröst síðan 1955 yrði skorið niður við trog. Að vísu voru framtíðaráform Bifrastar áframhaldandi starfræksla frumgreinadeildar og námskeiðahalds en allt háskólanám yrði flutt til Reykjavíkur.

Fyrir rúmum 15 árum tók Kennaraháskólinn við merkri arflegð húsmæðraskólans að Varmalandi með samskonar áform í huga. Sú starfsemi komst varla af stað að heitið geti og fjaraði fljótt út. Þá gefur saga sameininga hérlendis ekki tilefni til bjartsýni fyrir hönd Bifrastar ef sameining af þessu tagi yrði ofan á. Bent skal á að Borgfirðingar hafa mikla reynslu af því að horfa á eftir fyrirtækjum sínum fluttum á brott undanfarið í nafni hagræðingar, án þess að sýnt hafi verið fram á að hún hafi náðst í öllum tilfellum. Þar má nefna nokkra framhaldsskóla, stórt mjólkursamlag, sláturhús, kjötvinnslu og fjölda opinberra starfa svo eitthvað sé nefnt.

Á dögunum kom forsætisráðherra í fjölmiðla og boðaði aðgerðir til nýsköpunar um land allt. Viku seinna tók menntamálaráðherra vel í ofangreindar sameiningarhugmyndir Bifrastar og HR. Stofnun háskóla í Bifröst er sennilega eitt merkilegasta framtak í nýsköpun á landsbyggðinni síðastliðin ár. Ef háskólar eru vel tengdir atvinnulífinu hafa þeir tilhneigingu til að ýta undir nýsköpun. Almennt er talið heillavænlegast að efla nýsköpun og samþættingu atvinnulífs og skóla í gegnum þróunarsetur sem eru aðallega studd af raungreinum, eðlisfræði, verkfræði, tölvunarfræði, viðskiptafræði og listgreinum. Á þessu líkani byggja alkunn þróunarsetur eins og í Silicon-Walley í Bandaríkjunum og í Finnlandi.

Að vísu hefði mátt gera miklu betur í þessum efnum varðandi Bifröst en ef háskólanámið fer er þessi möguleiki algerlega úr sögunni. Ekki yrði hægt að hrinda í framkvæmd einni af þremur atkvæðamestu tillögum sóknáætlunar 20/20 sem stjórnvöld hafa fyrir landshlutann og gekk út á að stórefla samstarf atvinnulífs og skóla í gegnum þróunarsetur og iðngarða.

Nú er vinsælt að leita fyrirmynda á Norðurlöndunum. Háskólum er dreift þar, gagngert til að efla grunngerð alls landsins. Finnar náðu að spyrna sér með nýsköpun út úr sinni kreppu í gegnum menntakerfið. Danir sameinuðu 6 háskóla árið 2007 í Syd-Dansk Universitet og einn þeirra var staðsettur í Kaupmannahöfn. Það var gert án þess hrófla við starfstöðvunum í Esbjerg, Óðinsvéum, Sønderborg, Slagelse og Kolding. Það er greinilegt að háskólanum er ætlað að standa vörð um háskólastarf utan höfuðborgarsvæðis þeirra Dana. Hvers vegna stuðla stjórnvöld ekki að því að sameina háskóla á landsbyggðinni hérlendis í þeim tilgangi að hagræða, og jafnframt efla hverja starfstöð, í stað þess að leggja þær niður?

Vífill Karlsson, hagfræðingur

Fréttablaðið, laugardaginn 13. Nóvember 2010